

Heitavatnsborun í Hraunkoti, Grímsnesi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-83/06

HEITAVATNSBORUN Í HRAUNKOTI, GRÍMSNESI

Borun eftir heitu vatni í Hraunkoti fyrir Sjómannadagsráð hefur verið á döfinni um skeið. Ýmsar jarðhitaathuganir hafa farið fram í Grímsnesi á síðustu árum, þ.á.m. í Hraunkoti og þar nærlendis. Er byggt á þeim í eftirfarandi umsögn.

Jarðhiti er hvergi í landi Hraunkots. Næsti jarðhitastaður er í landi Vaðness rúma 3 km frá húsunum í Hraunkoti. Sá jarðhiti er í tengslum við ungar sprungur sem fylgja má norður yfir Hraunkotsland. Hiti lauganna í Vaðnesi er mestur 36°C, en efnagreiningar benda til yfir 70°C heits vatns. Viðnámsmælingar benda til að viðnám í berggrunni sé orðið lágt (kringum 20 Ωm) á 200-300 m dýpi. Borhola í landi Vaðness 45 m djúp, tæpa 2 km vestur frá áður nefndum sprungum sýnir háan hitastigul (> 200°C pr. km). Þótt heitt vatn komi upp í ungu sprungunum á einum stað, má alveg eins búast við því, að þær séu fullar af köldu vatni langt niður annars staðar. Á móti kemur hins vegar, að von er á góðri vatnsleiðni í tengslum við þær, þannig að heitt vatn gæti fundist ef djúpt yrði borað. Jarðhitadeild hefur með tilliti til þessa mælt með borun við sprungurnar og þá miðað við allt að 600 m holu. Svo vildi til að staðurinn sem jarðhitadeild valdi, eins lágt í landinu og kostur var, nærri sprungu og sem næst laugunum, reyndist vera í þrætulandi. Það mál hefur síðan verið leyst og féll sneiðin sem um var þrætt til jarðarinnar Vaðness. Annað hvort er þá að færa sig annað, ellegar halda við fyrri staðsetningu. Ef holunni yrði vikið inn í land Hraunkots myndi þurfa að hækka sig nokkuð í landinu, en það gæti þýtt meiri reksturskostnað við dælingu úr holunni auk lengri fóðringar. Ekki getur það þó talist nein frágangssök, ef ekki semst með Vaðnesbónda og sjómannasamtökunum.

Um kostnaðaráætlun vísast til jarðborunardeildar.